

15. maí 1984

357

Nr. 242

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald
með síðari breytingum.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 168/1984, orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
úr 21.07	Efni í tollskrárnúmerum 21.07.01, 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 tilreidd til blöndunar á drykkjarvörum eins og límonaði, gosdrykkjum og öðrum óáfengum drykkjarvörum.
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.
22.02.01 og	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07
22.02.09	drykkjarvörur samsettar úr mjólkurafurðum og öðrum efnispáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða.
22.03.01 og	Öl gert úr malti.
22.03.09	

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 16. maí 1984.

Fjármálaráðuneytið, 15. maí 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.